



Alþingi
Erindi nr. P 130/434
komudagur 3.12.2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 2. desember 2003


Tilvísun: 2003110042
091.1

Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Ríkislögreglustjóra um 38. þingmál, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 - vandi.

Mikil umræða hefur orðið í þjóðfélaginu undanfarið um ofangreint frumvarp og hafa komið fram ólík sjónarmið um hvaða leiðir séu vænlegastar til að taka á þeim samfélagslega vanda sem vandi vissulega er. Hefur komið í ljós í þessari umræðu að margt þarfnast nánari skoðunar áður en endanleg afstaða verður tekin til þess hvernig best sé að haga lögum um þetta efni hér á landi. Með hliðsjón af því sem fram hefur komið í þessari umræðu er það álit Ríkislögreglustjóra að ekki sé ljóst hvort að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu sé sú rétta til að taka á vandanum og því ekki tímabært að gera þær breytingar á lögnum sem þar eru lagðar til. Umdeilt er hvernig "sænska leiðin" sem lögð er til í frumvarpinu hefur reynst þar í landi og auk þess er ekki víst að leiðir sem henta til að taka á þessum vanda í öðrum löndum henti til þess hér á landi. Leggur Ríkislögreglustjóri því til að frumvarpið verði ekki gert að lögum að svo stöddu, en leggur áherslu á mikilvægi þess að þeirri umræðu sem frumvarp þetta hefur skapað í þjóðfélaginu að undanfögnu verði fram haldið.

F.h. Ríkislögreglustjóra



Björn Þorvaldsson, lögl. fulltr.